

12. gr.

Leita skal staðfestingar dóms- og kirkjumálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. desember 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps er byggð á lögum nr. 81/1991 ásamt síðari breytingum og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992 ásamt síðari breytingum.

Vatnsgjald.

1. gr.

Af öllum fasteignum í Hvalfjarðarstrandarhreppi, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar Vatnsveitu Hvalfjarðarstrandarhrepps liggja skal greiða vatnsgjald árlega, nema sérstaklega sé um annað samið.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra. Stofn til álagningar vatnsgjalds á lóðir og lönd skal vera fasteignamat.

Hundraðshluti vatnsgjalds af fasteignamati

3. gr.

Af öllum fasteignum, sem eru gjaldskyldar, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,23% af álagningarstofni.

Gjalddagar.

4. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitastjórn ákveður fyrir fasteignagjald og skal innheimtu vatnsgjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalds.

Aukavatnsgjald.

5. gr.

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða aukavatnsgjald. Aukavatnsgjald skal að jafnaði innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Hvalfjarðarstrandarhrepps leggur til, en þar sem ekki er mælir skal greiða upphæð sem nemur mælagjaldi fyrir 20 mm mæli samkvæmt gjaldskrá.

Fast gjald, ekki er reiknaður vsk. á vatn.

6. gr.

Vatnsmælar	kr. á ári		Vatnsmælar	kr. á ári
DN 15	4.054		DN 50	12.043
DN 20	4.190		DN 65	25.322
DN 25	4.911		DN 80	28.683
DN 32	5.355		DN 100	33.908
DN 40	8.976		DN 150	40.910
Rúmmálgjald	12 kr./m ³	Fyrstu 100.000 m ³		
Rúmmálgjald	11 kr./m ³	Eftir 100.000 til 250.000 m ³		
Rúmmálgjald	9 kr./m ³	Eftir 250.000 m ³		
Miðað er við ársnotkun.				

Heimæðagjald.

7. gr.

Einbýli par/raðhús 32 mm heimtaug, grunn gjald 20.000 kr./íbúð.

Viðbótargjald fyrir heimæð 20 m, 500 kr. m heimæðar (umfram 20 m).

Iðnaðarhús, 40 mm heimtaug grunn gjald 30.000 kr.

Iðnaðarhús, 50 mm heimtaug grunn gjald 40.000 kr.

Iðnaðarhús, 75 mm heimtaug grunn gjald 60.000 kr.

Viðbótargjald fyrir heimæð 20 m.

800 kr. m heimæðar (umfram 20 m).

Ábyrgð á greiðslu gjalda.

8. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Vatnsgjald og heimæðargjald samkvæmt gjaldskrá þessari eru tryggð, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Aukavatnsgjald má taka fjárnámi samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.

9. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Þannig staðfest á fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 12. nóvember 2003.

Hvalfjarðarstrandarhreppi, 3. desember 2003.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.